

Útgáfa 1.0  
01.01.21

# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

## Viðbragðsáætlun vegna eldgoss við Grindavík



Lögreglustjórinn á Suðurnesjum  
Almannavarnanefnd Grindavíkur  
Ríkislögreglustjórinn

**Viðbragðsáætlun vegna eldgoss á  
Reykjanesi**

**Unnin af:**

**Lögreglustjóranum á Suðurnesjum  
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra  
Almannavarnanefnd Grindavíkur  
Athugasemdir við áætlunina skal senda  
til almannavarnadeildar  
ríkislögreglustjóra í netfangið**

**[almannavarnir@logreglan.is](mailto:almannavarnir@logreglan.is)**

**forsíðumynd af grindavik.is**

## EFNISYFIRLIT - KAFLASKIPTI

|                                                                   |           |
|-------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1.0 Inngangur .....</b>                                        | <b>6</b>  |
| <b>2.0 Staðhættir .....</b>                                       | <b>7</b>  |
| Umdæmið .....                                                     | 7         |
| Jarðsagan .....                                                   | 7         |
| Staðhættir .....                                                  | 8         |
| Þættir sem líkalegir eru til að verða fyrir áhrifum vegna eldgoss | 9         |
| <b>3.0 Skilgreiningar .....</b>                                   | <b>10</b> |
| Virkjun.....                                                      | 10        |
| Óvissustig.....                                                   | 10        |
| Hættustig .....                                                   | 10        |
| Neyðarstig.....                                                   | 10        |
| Afboðun .....                                                     | 10        |
| Rýming .....                                                      | 11        |
| Flótti.....                                                       | 11        |
| Brottflutningur .....                                             | 11        |
| Forvirk rýming .....                                              | 11        |
| Neyðarrýming .....                                                | 11        |
| Rýming með takmörkunum .....                                      | 11        |
| Skjól á staðnum.....                                              | 11        |
| Skammstafanir .....                                               | 12        |
| <b>4.0 Boðun .....</b>                                            | <b>13</b> |
| Boð til viðbragðsaðila.....                                       | 13        |
| Boð til almennings í Grindavík .....                              | 13        |
| Óvissustig – Líkur á eldgosi í eða við Grindavík .....            | 14        |
| Hættustig – Eldgos er að hefjast í eða við Grindavík .....        | 15        |
| Neyðarstig – Eldgos er hafið í eða við Grindavík .....            | 16        |
| <b>5.0 Stjórnkerfi .....</b>                                      | <b>17</b> |
| Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfis .....           | 17        |
| Aðgerðarstjórn .....                                              | 18        |
| Verkpáttaskipurit fyrir aðgerðarstjórn .....                      | 19        |
| Vettvangsstjórn.....                                              | 20        |
| Verkpáttaskipurit fyrir vettvangsstjóra .....                     | 21        |
| Verkpáttastjórar.....                                             | 22        |

|                                                       |                              |
|-------------------------------------------------------|------------------------------|
| Hlutverk Samhæfingarstöðvarinnar .....                | 23                           |
| Verkáttaskipulag fyrir Samhæfingarstöðina .....       | 24                           |
| Fjölmíðlar .....                                      | 24                           |
| Loftbrú .....                                         | 24                           |
| <b>6.0 Starfssvæði.....</b>                           | <b>25</b>                    |
| Móttökustaður (MÓT).....                              | 26                           |
| Biðsvæði (BH-BF-BTB) .....                            | 27                           |
| Rýmingarsvæði .....                                   | 28                           |
| Gæslustörf á vettvangi .....                          | 29                           |
| Fjöldahjálparstöðvar .....                            | 30                           |
| Þjónustumiðstöð ríkislögreglustjóra.....              | Error! Bookmark not defined. |
| Talning .....                                         | 31                           |
| <b>7.0 RÝMINGARÁÆTLUN OG LOKUNARÞÓSTAR .....</b>      | <b>32</b>                    |
| Rýmingarsvæði .....                                   | 32                           |
| Svæðaskipting .....                                   | 33                           |
| Flóttaleiðir, flutningsleiðir, umferðarskipulag ..... | 33                           |
| Rýming reitur 1. Appelsínugula hverfið .....          | 34                           |
| Rýming reitur 2, Bláa hverfið .....                   | 34                           |
| Rýming reitur 3, Græna hverfið .....                  | 34                           |
| Rýming reitur 4, Rauða hverfið .....                  | 35                           |
| Rýming reitur 5, Svartsendi .....                     | 35                           |
| Rýming reitur 6, Hafnarsvæði .....                    | 36                           |
| Rýming reitur 7, Staðarhverfi .....                   | 36                           |
| Rýming Víðihlíðar .....                               | 36                           |
| Rýming skjólstaðinga heimahjúkrunar .....             | 37                           |
| Rýming rúmfastra einstaklinga ....                    | Error! Bookmark not defined. |
| Rýming Grunnskóla Grindavíkur við Ásabraud.....       | 37                           |
| Rýming Grunnskóla Grindavíkur Hópskóli .....          | 37                           |
| Rýming Leikskólinn Laut.....                          | 37                           |
| Rýming Heilsuleikskólans Krókur .....                 | 37                           |
| Vinnustaðir .....                                     | 37                           |
| Íþróttamót .....                                      | 38                           |
| Ástandskönnun Svæða .....                             | 38                           |
| Mögulegar afleiðingar .....                           | 38                           |
| Lokanir / opnanir .....                               | 38                           |
| <b>8.0 Verkefni viðbragðsaðila. ....</b>              | <b>39</b>                    |

|                                                   |           |
|---------------------------------------------------|-----------|
| Neyðarlínan - 112.....                            | 40        |
| Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra .....      | 41        |
| Samhæfingarstöðin.....                            | 42        |
| Aðgerðarstjórn (AST) .....                        | 43        |
| Vettvangsstjórn (VST) .....                       | 44        |
| Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) ..... | 45        |
| Lögreglan á Suðurnesjum.....                      | 46        |
| Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu .....              | 47        |
| Lögreglan á Suðurlandi .....                      | 47        |
| Slökkvilið Grindavíkur .....                      | 48        |
| Björgunarsveitin Þorbjörn.....                    | 49        |
| Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2.....       | 50        |
| Björgunarsveitir á svæði 2.....                   | 50        |
| Björgunarsveitir á svæði 1.....                   | 51        |
| Landsstjórn björgunarsveita .....                 | 52        |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja .....               | 53        |
| Landspítali.....                                  | 54        |
| Sjúkrabílar í Grindavík .....                     | 54        |
| Sjúkrabílar á Suðurnesjum .....                   | 55        |
| Sjúkrabílar á höfuðborgarsvæðinu .....            | 55        |
| Rauði krossinn á Íslandi – Suðurnesjadeild .....  | 56        |
| Rauði krossinn á Íslandi – Landskrifstofa .....   | 56        |
| Landhelgisgæsla Íslands – Stjórnstöð (LHG) .....  | 57        |
| Þjónustumiðstöð Grindavíkur ( Áhaldahús) .....    | 57        |
| Hjúkrunarheimilið Víðihlíð .....                  | 58        |
| Grunnskólar Grindavíkur.....                      | 58        |
| Leikskólar í Grindvík .....                       | 59        |
| Tónlistarskóli – Félgasmiðstöðvar .....           | 59        |
| Fjarskiptafyrirtæki - Veitufyrirtæki.....         | 60        |
| Vegagerðin.....                                   | 60        |
| <b>9.0 Skipulag fjarskipta .....</b>              | <b>61</b> |
| <b>10.0 Kort .....</b>                            | <b>64</b> |
| <b>11.0 Dreifingarlisti .....</b>                 | <b>66</b> |
| <b>12.0 Breytinga saga .....</b>                  | <b>67</b> |
| <b>13.0 Viðaukar .....</b>                        | <b>68</b> |

## 1.0 Inngangur

Viðbragðsáætlunin segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar eldgoss eða annarra hamfara við Grindavík, í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hún er unnin af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og almannavarnanefndum Grindavíkur. Allir viðbragðsaðilar og aðrir sem nefndir eru í áætluninni voru hafðir með í ráðum.

Áætlunin heitir viðbragðsáætlun vegna eldgosa við Grindavík. Þá er mögulegt að notast við sömu áætlun þegar þörf er á rýmingu vegna einhvers konar annara hamfara. Sama skipulag er þá uppi hvort sem þörf væri á rýmingu allra svæða eða einhverra ákveðinna. Fjöldarhjálpurstöðvar eru þær sömu og allir viðbragðsaðilar eru þeir sömu.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð vegna eldgosa við Grindavík og annarrar vár og að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstílhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal uppfærð á a.m.k. fjögurra ára fresti en boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur.

Á sama hátt skal Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fjögurra ára fresti. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.


Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.


Áætlunin miðast við verkþáttaskipunir SÁBF vegna aðgerða á vettvangi.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög 82/2008 um almannavarnir, og 6. grein lögreglulaga nr. 90/1996.

Áætlunin tekur þegar gildi.

01.01.2021

  
Ríkislögreglustjóri

  
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

  
Almannavarnanefnd Grindavíkur

## 2.0 Staðhættir

### Umdæmið

Umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum / Grindavík nær frá Seljabótarnefi í Herðisarvík í austri og þaðan norður til Bláfjalla, þaðan vestur að Trölladyngju og þaðan í Arnarklett og áfram í Stapafell um Sýrfell til sjávar um Valbjargargjá. Suður af Kleifarvatni er landssvæði sem tilheyrir Hafnarfirði.

Svæðið er u.þ.b. 425 ferkílómetrar.

Sveitafélagið og þéttbýlisstaðir:

**Grindavík,** 3,491 íbúar í apríl 2020

### Jarðsagan

Gosbeltið á Reykjanesskaga er sniðreksbelti, það er þverbrot- og gliðnunarbelti. Stefna þess er 70-80 gráður austur, en það sveigir til norðaustlægari stefnu allra vestast. Þarna munar 25-35 gráðum frá rekstefnu. Þáttur þverbrotabeltisins kemur fram í norður-suður sniðgengjum með hægri hliðrun. Sniðgengin eru minni háttar skástígar gjár, oft samtengdar með sprunguhólum. Gliðnunarbeltin koma fram sem gígar og gígaraðir, gjár og misgengi í eldstöðvarkerfum skagans. Þau eru sex, að meðtöldu Hengilskerfinu, og liggja norðaustur-suðvestur, skáhallt á gosbeltið. Eldstöðvakerfin eru flest hver miklu lengri en gosmenjar á yfirborði gefa til kynna. Eldvirkni nær yfir stóran hluta þeirra, en á norðausturhlutanum eru svo til eingöngu gjár og misgengi. Þar hefur **hraunkvika** sjaldan náð til yfirborðs en setið eftir í berggöngum.

Eldstöðvakerfin mynda grunneiningar í jarðfræði Reykjanesskaga. Þau eru fimm til átta kílómetra breið og flest 30 til 50 kílómetra löng. Í hverju þeirra eru tvær eða fleiri gos- og sprungureinar. Fullmótuð kerfi með háhitasvæði og sprungusveim eru fimm. Þau eru kennd við Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll og Hengil (sjá mynd hér fyrir neðan). Sjötta eldstöðvakerfið, sem kenna má við Fagradalsfjall, er ólíkt hinum að gerð. Þar er hvorki jarðhiti né sprungusveimur. Skil milli kerfanna eru oftast skýr, en þau skarast þegar kemur norðaustur á gjásvæðin. Milli Reykjaness- og Svartsengiskerfanna er einföld röð **dyngna** og bólstrabergsfella, Áleyjabunga yst og Stapafell innst. Mörk Fagradalsfjallskerfisins við þau næstu markast af löngum gossprungum beggja vegna. Skil Krýsuvíkur- og Brennisteinsfjallakerfanna eru í Kleifarvatnslægðinni með stapana Lönguhlíð og Geitahlíð að austanverðu. Skil Brennisteinsfjalla- og Hengilskerfis eru hér sett við Þrengsli.

Á Reykjanesskaga skiptast á gos- og gliðnunar tímabil á sprungusveimum með stefnu norðaustur-suðvestur og skjálftatímabil með virkni á norður-suður sprungum. Það er afleiðing af því að Reykjanesskagi liggur skáhallt á rekstefnuna og spennusviðið sveiflast á milli lóðréttrar mestu bergspennu og láréttrar með suðvestur-norðaustur stefnu. Í báðum tilvikum er minnsti þrýstingur í stefnu reksins. Kvikuinnskot þarf til að gjárnar gliðni, en það getur gerst án þess að gjósi. Gos- og gliðnunar tímabilin, hér nefnd gosskeið, standa yfir í nokkrar aldir hvert. Á síðasta gosskeiði fluttist gosvirknin milli eldstöðvakerfanna með 30-150 ára millibili. Gosvirknin einkennist af sprungugosum sem vara í nokkra áratugi, en með hléum á milli gosa. Goshrinur af þessu tagi eru kallaðar eldar. Á milli gosskeiðanna eru löng skjálftatímabil án kvikuvirkni og þá væntanlega eins og á síðustu áratugum með ótal snöggum hrinum sem standa daglangt eða í fáar vikur. Gosskeið síðustu 3500 ára eru þrjú, og vísbendingar eru um fleiri þar á undan. Í Fagradalsfjallskerfinu hefur ekki gosið á þessu tímabili og aðeins einu sinni í Hengilskerfinu.

Sé hins vegar litið á eldstöðvakerfin ein og sér, verða hléin mun lengri, að meðaltali nálægt 1000 árum. Í engu eldstöðvakerfanna er komið fram yfir lágmarkslengd fyrri hléa, nema ef til vill í Brennisteinsfjöllum. Allt að fjórar aldir þurfa að líða þar til lengstu hléunum er náð. Eldri hraun eru of fá tímasett til að rekja söguna lengra aftur.

## Staðhættir

Aðsetur lögreglustjórans á Suðurnesjum er í Reykjanesbæ og þar eru lögreglustöðvar umdæmisins við Hringbraut og Brekkustíg en mannaðar varðstofur eru auk þess í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og í Grindavík.

Sjúkrahús ( Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ) er staðsett við Skólaveg í Reykjanesbæ. Á sjúkrahúsinu er slysa- og bráðamóttaka sem er rekin í nánnum tengslum við heilsugæslusvið.

Heilsugæslustöðvar, eru í Reykjanesbæ, Grindavík og Vogum. Aðsetur lækna og eftir atvikum hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum fer eftir ákvörðun HSS (Heilbrigðisstofnun Suðurnesja).

Brunavarnir Suðurnesja annast sjúkraflutninga frá slökkvistöðinni við Hringbraut í Reykjanesbæ, auk þess er BS með samning um rekstur sjúkraflutninga sem gerðir eru út frá Grindavík

Í samræmi við ákvæði laga nr. 82/2008 um almannavarnir starfa tvær almannavarnarnefndir í umdæminu. Annars vegar er sameiginleg almannavarnarnefnd fyrir Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Sveitarfélagið Voga og Keflavíkflugvöll og hins vegar almannavarnarnefnd Grindavíkur. Hlutverk nefndanna fellst meðal annars í stefnumótun og skipulagningu starfs að almannavörnum í héraði. Í samvinu við ríkislögreglustjóra vinna almannavarnir að gerð hættumats og viðbragðsáætla. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum fer með stjórn aðgerða í almannavarðarástandi innan umdæmisins. Aðgerðastjórnstöð almannavarna á Suðurnesjum er að Fálkavöllum 19, við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Helstu ferðamannastaðir eru Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Bláa lónið og er vaxandi umferð við þessa staði.

Aðrir kunnir ferðamannastaðir eru Kleifarvatn, Krýsuvíkurbjarg ( í landi Hafnarfjarðar ) og Reykjanestá ( Reykjanesviti, Gunnhver og Brúin milli heimsálfa). Á svæðinu er nokkur fjöldi fjalla sem eru vinsæl til uppgöngu og mætti þar nefna Keili og Trölladyngjusvæðið, Brennisteinsfjöll og Þorbjörn.

Umferð akandi ferðamanna er sérstaklega mikil á Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi en einnig þó nokkur á Sandgerðisvegi, Garðvegi, Nesvegi og Suðurstrandarvegi.

Þjóðvegakerfið í umdæminu er um það bil 200 km. Vegakerfið sem er allt með bundnu slitlagi. Nokkrir varasamir kaflar eru á kerfinu þar sem alvarleg óhöpp hafa verið. Í því sambandi mætti nefna Strandarheiði og Kúagerði á Reykjanesbraut og Seltjörn og Gíghæð á Grindavíkurvegi.

Einn hálendisvegur er í umdæminu en það er svokölluð Djúpavatnsleið sem liggur í gegnum Reykjanesfjallgarðinn um svokallaðan Móhalsadal sem er milli Sveifluhálss og Núpshlíðarhálss og er aðallega notaður vegna útivistar að sumri til en er þess utan ófær nema vel útbúnum bílum.

**Þættir sem líkalegir eru til að verða fyrir áhrifum vegna eldgoss**

1. Íbúar (líkamleg og andleg áhrif)
2. Byggingar
3. Samgöngumannvirki (vegir, hafnarmannvirki, flugvellir)
4. Byggðaveitur (hitaveita, vatnsveita, rafveita, fráveita)
5. Almannaþjónusta (viðbragðsaðilar, almenn þjónusta)
6. Önnur mannvirki (t.d. olíutankar og lagnir)
7. Náttúra og lífríki (mengun)
8. Búfænaður
9. Ferðaþjónusta
10. Atvinnustarfsemi ( Fiskvinnsla, matvælaframleiðsla, ferðaþjónusta )

## 3.0 Skilgreiningar

### Virkjun

Viðbragðsáætlunina er hægt að virkja á þremur ólíkum almannavarnastigum .

Forsendur virkjunar liggja í samráði lögreglu og bakvaktar almannavarnadeildar. Þannig tilkynnir almannavarnardeild Neyðarlínunni um á hvaða stigi skuli virkja áætlunina. Þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina eru:

- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Þegar áætlunin hefur verið virkjuð eru aðgerðir í umdæminu undir stjórn aðgerðastjórnar. Aðgerðastjórn metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjóran á Suðurnesjum hefur einn heimild til að breyta almannavarnastigum eftir að áætlun hefur verið virkjuð.

Þeir viðbragðsaðilar sem bregðast við á þessum stigum eru boðaðir samkvæmt boðunargrunni Neyðarlínunnar og fá boð samkvæmt þessum kafla. Verkefni viðbragðsaðila er að finna í 8. kafla.

### Óvissustig

#### Skilgreining:

Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.

### Hættustig

#### Skilgreining:

Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða

### Neyðarstig

Þegar slys eða hamfarir hafa orðið eða þegar heilbrigðisöryggi manna er ógnað svo sem vegna farsóttar

### Afboðun

Um leið og ljóst er að ekki er þörf á öllum þeim björgum, sem virkjaðar hafa verið samkvæmt áætluninni, skal Neyðarlínan tafarlaust hefja afboðun eftir beiðni frá Samhæfingarstöðinni.

## Rýming

Tilfærsla fólks innan saman umdæmis vegna bráðrar eða yfirvofandi hættu

### Flótti

Sjálfsprottin rýming þar sem fólk ákveður að eigin frumkvæði, án skipulags, að flýja heimili eða svæði. Kallar á viðbrögð yfirvalda til að ná tökum og koma skipulagi á ástandið.

### Brotflutningur

Flutningur fólks á milli lögregluumdæma.

### Forvirk rýming

Rýming vegna yfirvofandi eða hugsanlegrar hættu.

### Neyðarrýming

Rýming án fyrirvara og ekki aðrir möguleikar í stöðunni en að rýma.

### Rýming með takmörkunum

Rýming sem á við um hluta sólarhrings, hluta svæðis, hluta íbúa eða nær ekki til allra. Kann að fela í sér að óþarfa umferð er ekki heimil á eða um svæði. Getur líka verið að aðeins heimamönnum sé heimil dvöl á svæði en ekki gestum eða ferðamönnum.

### Skjól á staðnum

Ef fólki er mögulega meiri hættu búin með því að fara af stað á hættusvæði kann að vera betra að halda kyrru fyrir og í skjóli. Ekki eiginleg rýming. Kallar á leiðbeiningar frá yfirvöldum. (Staðlaðar upplýsingar vegna bruna, mengunar oþh er hægt að eiga til)

**Skammstafanir**

|                     |                                                                   |
|---------------------|-------------------------------------------------------------------|
| <b>AHS</b>          | Aðhlynningarstjóri                                                |
| <b>AST</b>          | Aðgerðastjórn /-stjóri                                            |
| <b>AVN/Av-nefnd</b> | Almannavarnanefnd                                                 |
| <b>BF</b>           | Biðsvæði flutningstækja                                           |
| <b>BH</b>           | Biðsvæði hjálparliðs                                              |
| <b>BTB</b>          | Biðsvæði tækja og búnaðar                                         |
| <b>ETA</b>          | Áætlaður komutími (Estimated Time of Arrival)                     |
| <b>ETD</b>          | Áætlaður brottfarartími (Estimated Time of Departure)             |
| <b>F</b>            | Verkpátturinn Flutningar                                          |
| <b>G</b>            | Verkpátturinn Gæslustörf                                          |
| <b>IL</b>           | Innri lokun                                                       |
| <b>ISAVIA</b>       | ISAVIA, rekstraraðili flugvalla og flugleiðsögubjónustu á Íslandi |
| <b>L og B</b>       | Verkpátturinn Leit og björgun                                     |
| <b>LSH</b>          | Landspítali                                                       |
| <b>Lp</b>           | Lendingarsvæði fyrir þýrlur                                       |
| <b>MÓT</b>          | Móttökustaður fyrir bjargir                                       |
| <b>MRCC</b>         | Stjórnstöð sjóbjörgunar (Maritime Rescue Coordination Centre)     |
| <b>OACC</b>         | Flugstjórnarmiðstöðin (Oceanic Area Control Center)               |
| <b>RKÍ</b>          | Rauði kross Íslands                                               |
| <b>S og F</b>       | Verkpátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp                              |
| <b>SÁBF</b>         | Stjórnun – Áætlun – Bjargir - Framkvæmd                           |
| <b>SLY</b>          | Slysstaður / slysavettvangur                                      |
| <b>SSA</b>          | Söfnunarsvæði aðstandenda                                         |
| <b>SSL</b>          | Söfnunarsvæði látinna                                             |
| <b>SSS</b>          | Söfnunarsvæði slasaðra                                            |
| <b>SST</b>          | Samhæfingarstöðin                                                 |
| <b>TWR</b>          | Flugturn: starfstöð flugumferðarþjónustu                          |
| <b>VHF</b>          | Very High Frequency                                               |
| <b>VST</b>          | Vettvangsstjórn / -stjóri                                         |
| <b>VÞS</b>          | Verkpáttastjórar                                                  |
| <b>YL</b>           | Ytri lokun                                                        |
| <b>HSS</b>          | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja                                     |
| <b>LSS</b>          | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum                                    |
| <b>BS</b>           | Brunavarnir Suðurnesja                                            |
| <b>SG</b>           | Slökkvilið Grindavíkur                                            |
| <b>BS.Þ</b>         | Björgunarsveitin Þorbjörn                                         |

## 4.0 Boðun

### Boð til viðbragðsaðila

Neyðarlínan 112 annast boðun samkvæmt áætlun þessari eftir beiðni eins af eftirtöldum aðilum:

#### Lögreglustjórans á Suðurnesjum

##### Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans

Þegar ákveðið hefur verið að virkja viðbragðsáætlunina skulu ofangreindir aðilar upplýsa Neyðarlínu á hvaða almannavarnastigi áætlunin skuli virkjuð

Neyðarlína skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun.

- **ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG**
- **Líklega staðsetningu** atburðar í hnitum skv. korti.
- Auk þess eru veittar upplýsingar eftir föngum

### Boð til almennings í Grindavík

- **ÍS:** *Yfirvofandi eldgos, yfirgefið Grindavík, hlýðið fyrirmælum lögreglu og björgunarfólks*
- **EN:** *Imminent eruption, evacuate Grindavík, follow the instructions of the police and rescue services.*
- **PL:** *Przewidywany wybuch wulkanu, należy opuścić Grindavík oraz przestrzegać poleceń policji i służb ratunkowych.*
- **VÍ:** *Sắp phun trào, rời khỏi Grindavík, tuân theo hướng dani của cảnh sát và lực lượng cứu hộ*
- **TÆ:** *Kiŕ ca pathu xxk cākGrindavíkpt̪ib̪at̪i tām khả næanả cāk t̪arwc læa h̄nhwy k̄up̄h̄ay*

## Óvissustig – Líkur á eldgosi í eða við Grindavík

Neyðarlína 112 boðar með SMS

ÓVISSUSTIG – Eldgos – Reykjanes

|                                                                          |
|--------------------------------------------------------------------------|
| Aðgerðarstjórn (AST) Suðurnes                                            |
| Björgunarsveitin Þorbjörn svæði 2 / Heildarútkall                        |
| Björgunarsveitir á svæði 2 / Heildarútkall                               |
| Brunavarnir Suðurnesja                                                   |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Grindavík                                |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Reykjanesbæ                              |
| ISAVIA Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík                                 |
| Landhelgisgæsla Íslands – stjórnstöð                                     |
| Landhelgisgæsla Íslands Útkallslíð                                       |
| Landsspítali ( LHS )                                                     |
| Lögreglan á Suðurnesjum                                                  |
| NSR                                                                      |
| NÖF                                                                      |
| Rauði kross Íslands - RKÍ Suðurnes                                       |
| Rauði kross Íslands – Landsskrifstofa                                    |
| Ríkislögreglustjórinn – Almannavarnadeild RLS/Hópur 1                    |
| Ríkislögreglustjórinn – Almannavarnadeild RLS/Hópur 2                    |
| Ríkislögreglustjórinn – Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar                   |
| Samhæfingarstöðin ( SST )                                                |
| Sjúkraflutningar Brunavarnir Suðurnesja                                  |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg – Landsstjórn björgunarsveita/Heildarútkall |
| Slökkvilið Grindavíkur                                                   |
| Svæðisstjórn Björgunarsveita svæðið 2                                    |
| Vegagerðin – Vaktstöð Suður                                              |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## Hættustig – Eldgos er að hefjast í eða við Grindavík

Neyðarlína 112 boðar með SMS

HÆTTUSTIG – Eldgos – Reykjanes

|                                                                          |
|--------------------------------------------------------------------------|
| Aðgerðarstjórn (AST) Suðurnes                                            |
| Björgunarsveitin Þorbjörn svæði 2 / Heildarútkall                        |
| Björgunarsveitin Sigurvon svæði 2 / Heildarútkall                        |
| Björgunarsveitin Suðurnes svæði 2 / Heildarútkall                        |
| Björgunarsveitin Ægir svæði 2 / Heildarútkall                            |
| Björgunarsveitin Skyggfir svæði 2 / Heildarútkall                        |
| Brunavarnir Suðurnesja                                                   |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Grindavík                                |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Reykjanesbæ                              |
| ISAVIA Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík                                 |
| Landhelgisgæsla Íslands – stjórnstöð                                     |
| Landhelgisgæsla Íslands Útkallslíð                                       |
| Landsspítali ( LHS )                                                     |
| Lögreglan á Suðurnesjum                                                  |
| NSR                                                                      |
| NÖF                                                                      |
| Rauði kross Íslands - RKÍ Suðurnes                                       |
| Rauði kross Íslands – Landsskrifstofa                                    |
| Ríkislögreglustjórnin – Almannavarnadeild RLS/Hópur 1                    |
| Ríkislögreglustjórnin – Almannavarnadeild RLS/Hópur 2                    |
| Ríkislögreglustjórnin – Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar                   |
| Samhæfingarstöðin ( SST )                                                |
| Sjúkraflutningar Brunavarnir Suðurnesja                                  |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg – Landsstjórn björgunarsveita/Heildarútkall |
| Slökkvilið Grindavíkur                                                   |
| Svæðisstjórn Björgunarsveita svæðið 2                                    |
| Vegagerðin – Vaktstöð Suður                                              |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## Neyðarstig – Eldgos er hafið í eða við Grindavík

Neyðarlína 112 boðar með SMS


NEYÐARSTIG – Eldgos – Reykjanes

|                                                                          |
|--------------------------------------------------------------------------|
| Aðgerðarstjórn (AST) Suðurnes                                            |
| B.s Þorbjörn svæði 2 / Heildarútkall                                     |
| B.s Árborg Selfossi svæði 3 / Heildarútkall                              |
| B.s Mannbjörg Þorlákshöfn Svæði 3 / Heildarútkall                        |
| B.s HSS Hveragerði svæði 3 / Heildarútkall                               |
| Björgunarfélag Hafnarfjarðar                                             |
| Björgunarsveit Ársæls                                                    |
| Björgunarsveitin Kjölur                                                  |
| Björgunarsveitir á svæði 2 / Heildarútkall                               |
| Brunavarnir Suðurnesja                                                   |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Grindavík                                |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Reykjanesbæ                              |
| Hjálparsveit skáta Garðabæ                                               |
| Hjálparsveit skáta Kópavogi                                              |
| Hjálparsveit skáta Reykjavík                                             |
| ISAVIA Höfuðstöðvar                                                      |
| Landhelgisgæsla Íslands – stjórnstöð                                     |
| Landhelgisgæsla Íslands Útkallslið                                       |
| Landsspítali ( LHS )                                                     |
| Lögreglan á Suðurnesjum                                                  |
| NSR                                                                      |
| NÖF                                                                      |
| Rauði kross Íslands - RKÍ Suðurnes                                       |
| Rauði kross Íslands – Landsskrifstofa                                    |
| Ríkislögreglustjórnin – Almannavarnadeild RLS/Hópur 1                    |
| Ríkislögreglustjórnin – Almannavarnadeild RLS/Hópur 2                    |
| Ríkislögreglustjórnin – Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar                   |
| Samhæfingarstöðin ( SST )                                                |
| Sjúkraflutningar Brunavarnir Suðurnesja                                  |
| Slysavarnafélagið Landsbjörg – Landsstjórn björgunarsveita/Heildarútkall |
| Slökkvilið Grindavíkur                                                   |
| Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 1                                     |
| Svæðisstjórn Björgunarsveita svæðið 2                                    |
| Vegagerðin – Vaktstöð Suður                                              |
| Lögreglan á Suðurlandi / Yfirmenn                                        |
| Lögreglan aðgerðarstjórn LRH                                             |
|                                                                          |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni

## 5.0 Stjórnkerfi

### Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfis



## Aðgerðarstjórn

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa svæðisstjórnar svæði 2, fulltrúa Rauða kross Íslands, slökkviliðs svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við Samhæfingarstöðina. Í stjórn aðgerða felst m.a skipulag björgunar og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingarstöðina.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

AST er skipuð:

- Lögreglustjóranum á Suðurnesjum eða þeim sem hann tilnefnir - **aðgerðastjóri**
- Fulltrúa slökkviliðs
- Fulltrúa svæðisstjórnar björgunarsveita
- Fulltrúa Rauða krossins
- Fulltrúa frá heilbrigðisstofnun
- Fulltrúa almannavarnarnefndar

AST skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:

- Símsvörun
- Skráningu og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum

Helstu verkefni AST:

- Stjórn, samhæfing og forgangsröðun heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins
- Endurmat á háskastigi og umfangi
- Samskipti við VST á **AST 2**
- Samskipti við SST um Tetra talhóp **SST-Bílar**
- Virkjun starfseininga innan umdæmisins, umfram áætlun þessa
- Sjá um heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan aðgerðasvæðisins
- Hafa samskipti við sjúkrastofnanir innan aðgerðasvæðisins
- Hafa samskipti við fjölmiðla (sjá 5.8)
- Hafa samskipti við söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuritinu fyrir AST

Aðgerðastjóri ákveður verkaskiptingu í AST. Aðgerðastjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.

**Aðsetur AST:**

**Aðalaðsetur:**


Stjórnstöð aðgerðarstjórna Fálkavöllum 19 235 Keflavíkurflugvelli.

**Varaaðsetur:**

Eftir ákvörðum AST

**Lögreglustjóri ákveður eftir eðli atburðar hverju sinni hvar aðgerðarstjórn kemur saman.**

## Verkpáttaskipurit fyrir aðgerðarstjórn



## Vettvangsstjórn

Ef þurfa þykir skal skipa vettvangsstjóra til að stýra aðgerðum á vettvangi, þetta gæti t.d. átt við í þeim tilfellum þegar rýma þyrfti ákveðin svæði, bjarga þyrfti fólki af lokuðum svæðum eða slys yrðu á fólki.

Heildarstjórn aðgerða á vettvangi samkvæmt áætlun þessari er í höndum vettvangsstjóra í umboði lögreglustjóra. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn, sé þess kostur.

AST staðsetur VST eftir eðli atburðar til þess að stýra aðgerðum undir stjórn AST. Ef samband rofnar við vettvangsstjórnir munu þær taka að sér htutverk AST, hver á sínu svæði.

Staðsetning VST fer þannig eftir eðli atburða og umfangi. Að sama skapi geta verið fleirri en ein Vettvangsstjórn að störfum á sama tíma

Vettvangsstjórn er að jafnaði skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglu, vettvangsstjóri
- Slökkviliði
- Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 2

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í vettvangsstjórn eftir aðstæðum hverju sinni.


Mikilvæg verkefni vettvangsstjórnar:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipunir SÁBF skv. umboði lögreglustjóra
- Vinna heildarskipulag fyrir vettvang, svo sem staðsetningu SSS, biðsvæða og lokana í samráði við verkþáttastjóra.
- Styðja verkþáttastjóra í þeirra störfum
- Fylgjast með nýtingu bjarga og aðstoðar við ráðstöfun og tilfærslu þeirra.
- Sá sem er skipaður í *Framkvæmd* skal vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla)
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi
- Að tryggja fjarskipti við AST

**Aðsetur vettvangsstjórnar:**

Ákvörðum aðgerðarstjóra í samráði við VST

## Verkpáttaskipurit fyrir vettvangsstjóra



## Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóranna en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði VST.

| Verkpáttastjórar  | Aðilar sem skipa verkpáttastjóra | Vinnusvæði                |
|-------------------|----------------------------------|---------------------------|
| Björgunarstjóri   | Svæðisstjórn bjsv/ slökkvilið    | Hreyfanlegur eftir þörfum |
| Aðhlyningarstjóri | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja    | Við söfnunarsvæðin        |
| Gæslustjóri       | Lögregla                         | Hreyfanlegur eftir þörfum |
| Flutningastjóri   | Svæðisstjórn björgunarsveita     | Hreyfanlegur eftir þörfum |

### Fyrstu verk allra verkpáttastjóra eru að:

- Hafa samband við VST og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útdeila verkefnum.

**Björgunarstjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við vettvang. Hann undirbýr sig til að bjarga fólki sem ekki hefur komist frá áhrifasvæðinu í tíma og kemst ekki þaðan án aðstoðar samkvæmt fyrirmælum VST.

- **Leit:** Finna og staðsetja þolendur
- **Bráðaflokkun:** Forgangsraða áður en flutt er frá innri lokun.

**Aðhlyningarstjóri:** Ekki er gert ráð fyrir því að aðhlyningarstjóri þurfi að fara út á vettvang til að setja upp SSS. Þess í stað undirbýr heilsugæslan að taka á móti þolendum frá áhrifasvæðinu sem kunna að þurfa að leita þangað og gerir ráðstafanir til að geta farið út á vettvang ef til þess kæmi.

- **Áverkamat:** Með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt. Greina ástand og skrá þolendur.
- **Meðferð:** Til að tryggja öryggi þolenda, veita þá umönnun sem möguleg er fram að og við flutning.
- **Forgangsröðun:** Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hverskonar tæki og hvaða meðferð á að veita.

**Gæslustjóri** stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða. Hann tryggir að fyrirfram ákveðnir lokunarpóstar séu settir upp og umferðarstjórn sé virk þar sem á þarf að halda. Gæslustjóri sér til þess að lokunum sé haldið svo lengi sem þurfa þykir. Hraðkannar innviði á áhrifasvæðinu s.s. vegir, brýr, helstu mannvirki, rafmagn, fjarskipti. Kallar til sérfræðinga til skoðunar á mannvirkjum og innviðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.

- **Lokun svæða:** Innri lokun, flóðasvæði og hættusvæði, Ytri lokun, vettvangurinn.
- **Verndun svæða:** Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- **Umferðarskipulag:** Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir, almenn umferð og umferð til og frá SSS
- **Talning:** Talning og flæði þolenda.

**Flutningastjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Hann tryggir að móttökustaður og biðsvæði séu mönnuð.

- **Móttaka:** Skráir inn í aðgerðina allar bjargir. (Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram)
- **Biðsvæði:** Biðsvæði hjálparliðs (BH). Biðsvæði flutningstækja (BF). Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
- **Flutningstæki:** Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær), stýrir nýtingu bjarga. Tæknileg framkvæmd.

**Undirstjórnendur** vinna undir verkpáttastjórum við stjórnun á ákveðnum verkefnum eða vinnusvæðum. Þeir stýra ákveðnum hóp björgunarmanna. Helstu verkefni undirstjórnanda:

- Aðstoðarmaður verkpáttastjóra, fylgir verkpáttastjóra í aðgerð og sér um fjarskipti á ákv. Rás
- Stjórnar hóp björgunarmanna við ákveðin verkefni eða vinnusvæði.

## Hlutverk Samhæfingarstöðvarinnar

Samhæfingarstöðin (SST) er staðsett í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Hlutverk hennar er yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnanna jafnt í almannavarnarástandi sem og í öðrum aðgerðum. Flutningur slasaðra milli umdæma og samhæfing allra bjarga á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins. Þegar Samhæfingarstöðin er starfrækt koma saman fulltrúar þeirra eininga sem eru með viðbragðsaðila við störf í aðgerðinni eða aðra hagsmunar aðila. Auk samhæfingar er stöðin ráðgefandi fyrir aðgerðarstjórnir, hún hefur aðgang að vísindamönnum og öðrum sérfræðingum ef á þarf að halda. Þá sér stöðin um samskipti við erlendar bjargir og aðra aðstoð erlendis frá

### SST er skipuð:

- Deildarstjóra AVD eða þeim sem hann tilnefnir – **Stjórnandi**
- Starfsmönnum almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra
- Fulltrúum landsstjórnar björgunarsveita
- Fulltrúum Rauða kross Íslands
- Fulltrúum frá heilbrigðisstofnun
- Fulltrúum Sambands sveitafélaga
- Öðrum eftir atvikum, Veðurstofu, LHG, Isavia, Vegagerð, Raf og fjarskiptafyrirtæki og fleiri

### SST Stjórnandi skipar fólk í eftirfarandi verkefni:

- Fjölmíðlum í samstarfi við AST á aðgerðarsvæðinu
- Skráningu og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum
- Bjargir
- Framkvæmd
- Áætlanir

### Helstu verkefni SST:

- Stjórn, samhæfing og útvegur bjarga úr öðrum umdæmum
- Endurmat á háskastigi og umfangi í samráði við AST
- Samskipti við AST um Tetra talhóp **Blár SST**
- Virkjun starfseininga utan umdæmisins
- Kalla saman vísindamannaráð, ef þörf krefur
- Hafa samskipti við sjúkrastofnanir utan umdæmis
- Hafa samskipti við fjölmíðla í samstarfi við AST
- Samskipti við ríkisstofnanir
- Samskipti við vísindamenn
- Starfrækja þjónustumiðstöð, ef við á
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuritinu **SÁBF** fyrir SST

### **Aðsetur Samhæfingarstöðvarinnar:**

Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð í Reykjavík

### **Til vara:**

Ákvörðun stjórnanda á hverjum tíma

## Verkáttaskipulag fyrir Samhæfingarstöðina

### Vísitandi auður kafli

## Fjölmiðlar

### Hverjir sinna þeim:

Meginstarfseiningar sem koma að samskiptum við fjölmiðla.

- Lögreglustjórar/Aðgerðastjórn (stjórnendur aðgerða)
- Samhæfingarstöðin (SST) (samhæfing aðgerða)

Að jafnaði getur Samhæfingarstöð aðstoðað lögreglustjóra/aðgerðastjórn í samskiptum við fjölmiðla, fyrst um sinn óski lögreglustjóri eða aðgerðarstjórn eftir því.

Mikilvægt er að fulltrúar lögreglustjóra eigi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

### Helstu verkefni:

- Eins fljótt og auðið er skal senda út fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um gang mála.
- Sé þess kostur skal ákvarða stað þar sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar um gang mála.

### Aðgengi að vettvangi:

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi meðan á björgunaraðgerðum stendur og meðan hugsanleg rannsókn fer fram.

### Upplýsingar um afdrif þolenda:

Upplýsingar um afdrif þeirra sem lenda í afleiðingum eldsumbrota á Reykjanesi eða vegna annarra hamfara eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna eftir því sem við á:

- Lögreglustjóra
- Samhæfingarstöðvar

## Loftbrú

Ef þörf verður á að flytja fólk af hættusvæðum með þyrlum eða flugvélum mun starfsstöð Ísavia í Samhæfingarstöðinni annast skipulagningu og framkvæmd þess.

## 6.0 Starfssvæði

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við náttúruhamfarir.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo megin flokka. **Söfnunarsvæði**, sem ætluð eru þolendum og **biðsvæði** sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.

### Söfnunarsvæði fyrir þolendur

Söfnunarsvæði þolenda

Fjöldahjálparstöð (FHS)

### Biðsvæði fyrir bjargir

Móttaka bjarga (MÓT)

Biðsvæði hjálparliðs

Biðsvæði tækja búnaðar

Biðsvæði flutningstækja

Aðgerðastjórn ákveður staðsetningu þessara svæða hverju sinni.

## Móttökustaður (MÓT)

**Starfsemi:** Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða að tilkynna sig inn í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

**Staðsetning:**

**Grindavík :** Húsnæði björgunarsveitarinnar Þorbjarnar- plan fyrir framan og bryggjan fyrir neðan.  
Ákvörðun VST / AST

**Verkbáttastjóri:**

**Flutningastjóri**

**Hverjir sinna:**

Lögreglan

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2

**Verkefni og verkaskipting:**

Skráning allra bjarga, tegund sveitar, stærð og kallmerki:

Svæðisstjórn björgunarsveita

Staðfesting á hvert hver verkeining skal fara til starfa:

Svæðisstjórn björgunarsveita

Upplýsa bjargir um varðaðar akstursleiðir:

Lögregla

**Kortatákn:**

**MÓT**

**Biðsvæði (BH-BF-BTB)**

**Starfsemi:** Staðir þar sem bjargir bíða á þangað til þeim hefur verið úthlutað verkefnum eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum vettvangsstjóra. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við Móttöku. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri eða ytri biðsvæði).

**Staðsetning:**

**Grindavík :** Húsnæði björgunarsveitarinnar Þorbjarnar- plan fyrir framan og bryggjan fyrir neðan. Ákvörðun VST / AST

**Verkbáttastjóri:****Flutningastjóri****Hverjir sinna:**

Lögreglan

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2

**Verkefni og verkaskipting:**

|                                                        |                             |
|--------------------------------------------------------|-----------------------------|
| Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði          | Lögregla / björgunarsveitir |
| Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. beiðni           | Lögregla / björgunarsveitir |
| Skráning flutningatækja og flutningsgetu               | Lögregla / björgunarsveitir |
| Umsjón og eftirlit virkjun flutningatækja til verkefna | Lögregla / björgunarsveitir |
| Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði                   | Lögregla / björgunarsveitir |
| Sending tækja og / eða búnaðar skv. beiðni             | Lögregla / björgunarsveitir |

**Kortatákn:**

Biðsvæði hjálparliðs

Biðsv. tækja og búnaðar

Biðsv. flutningatækja

**BH****BTB****BF**

## Rýmingarsvæði

|                                  |                                                                                                             |
|----------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b><u>Starfsemi:</u></b>         | Húsnæði, svæði, hverfi eða bæjarhluta sem hefur verið skilgreint sem rýmingarsvæði                          |
| <b><u>Stjórnandi:</u></b>        | Björgunarstjóri                                                                                             |
| <b><u>Aðrir stjórnendur:</u></b> | Vettvangsstjóri getur skipað undirstjórnendur til að fylgja eftir rýmingu á einstaka hlutum rýmingarsvæðis. |
| <b><u>Hverjir sinna:</u></b>     | Slökkvilið<br>Björgunarsveitir                                                                              |

### Verkefni og verkaskipting

Eftirfylgni rýmingar: Björgunarsveit / Þorbjörn

**Kortatákn:** Útlínur rýmingarsvæðis teiknaðar inn á kort


## Gæslustörf á vettvangi

|                                |                                                                                                                                                                              |
|--------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b><u>Starfsemi:</u></b>       | Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn. Verndun verðmæta á svæðum sem hafa verið rýmd. |
| <b><u>Verkbáttastjóri:</u></b> | <b>Gæslustjóri</b>                                                                                                                                                           |
| <b><u>Undirstjórnandi:</u></b> | Verkefnisstjóri / Svæðisstjóri eftir eðli verkefnis                                                                                                                          |
| <b><u>Ytri lokun:</u></b>      | Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST                                                                                                                                 |
| <b><u>Innri lokun:</u></b>     | Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST                                                                                                                                 |
| <b><u>Hverjir sinna:</u></b>   | Lögreglan<br>Björgunarsveitir                                                                                                                                                |

### Verkefni og verkaskipting

|                                                          |                            |
|----------------------------------------------------------|----------------------------|
| Uppsetning á innri lokun við hamfarasvæði                | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Verndun starfssvæða eða mikilvægra staða                 | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Skipulag á umferðastjórn og lokunum innan rýmingarsvæðis | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Framkvæmd á gæslu einstakra starfssvæða                  | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Löggæsla og verndun á söfnunarsvæði                      | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Ytri lokanir                                             | Lögreglan/Björgunarsveitir |

### Kortatákn:



## Fjöldahjálparstöðvar

**Starfsemi:** Staður þar sem þolendum og aðstandendum er safnað saman. Þar fer fram:

- Matur og drykkur
- Móttaka og skráning þolenda
- Úrvinnsla á skráningu
- Aðhlynning
- Gæsla á verðmætum
- Almenn skyndihjálp
- Sál gæsla sem veitt er af forystumönnum trúfélaga
- Áfallahjálp
- Upplýsingamiðlun til aðstandenda
- Ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í boði.
- Neyðarfjárstyrkir eftir þörfum.
- Dreifing á fatnaði og öðrum nauðsynjum eftir þörfum.
- Félagslegur stuðningur eftir aðstæðum og ákvörðunum hverju sinni.

**Staðsetning:**

**Grindavík:** Íþróttahúsið við Austurveg  
Hópskóli Grindavík

**Reykjanesbær:** Holtaskóli Keflavík  
Reykjaneshöll

**Selfoss:** Vallarskóli

**Kópavogur:** Kórinn íþróttahús

**Ábyrgð:** **AST (ATH, eru undir AST)**

**Aðrir stjórnendur:** Rauði krossinn stýrir opnun og starfrækslu fjöldahjálpastöðva

**Hverjir sinna:** Rauði krossinn á hverjum stað

Áfallateymi

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Starfsmenn þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga

Félagsþjónusta Sveitarfélaganna

### Verkefni og verkaskipting:

Skráning aðstandenda og tengsl við þolendur

Sálrænn stuðningur/áfallahjálp

Sameining aðstandenda og lítið slasaðra

Rauði krossinn

Rauði krossinn og ofangreindir aðilar

Rauði krossinn

**Kortatákn:**

**FHS**

Fjöldahjálparstöðvar Rauðakrossins gegna hlutverkum þjónustumiðstöðva þangað til annað er ákveðið.

## Talning

**Starfsemi:** Talning og staðsetning þolenda vegna eldgosa á Reykjanesi. Hafa yfirsýn um hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningapóstum og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.

**Staðsetning** Talið við áhrifasvæði, inn og út af söfnunarsvæðum. Talið við flutning út fyrir YL og afrika skilin eftir.

**Verkpáttarstjóri:** Gæslustjóri

**Hverjir sinna:** Lögreglan

Björgunarsveitir

Rauði krossinn

### Kortatákn:


**TALNING**

Ef fólk er flutt í annað umdæmi er mikilvægt að talning fari fram á viðkomustað í fjöldahjálparstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eða þorlákshöfn og skrá verður upplýsingar um hvert fólk fer af talningasvæði.

Skráning fer fram í fjöldahjálparstöðvum og eða í 1717

Aðalskráningaraðferð er í þjóðskráartengdum skráningargrunni : <http://bit.ly/2TYRVzo>. Skráningarkerfið virkar vel í farsímum og spjaldtölvum. Einnig er hægt að skrá fólk sem ekki er með íslenska kennitölu í kerfið. Ef kennitölu er sleppt verður viðmótið sjálfkrafa á ensku. Skráningarlistar eru vistaðir á Salesforce CRM grunni.

Handskráð skráningarblöð eru notuð sem varaleið. Slíkt hægir mjög á upplýsingamiðlun og skal aðeins notað ef 3G/4G kerfið eða WIFI liggja niðri.



## 7.0 RÝMINGARÁÆTLUN OG LOKUNARPÓSTAR

### Rýmingarsvæði

**Skipulag og svæðaskipting:** Gera þarf ráð fyrir að halda uppi samskiptum við heimili á svæðinu. Meta þarf ástand á hverjum stað, veita upplýsingar og meta þörf á frekari aðstoð. Byggðinni er skipt upp í 5 svæði og svo hafnarsvæði. Tilkynningar verða sendar í gegnum útvarpssendingar og með sms skilaboðum

#### Grindavík:

Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík framkvæmir rýmingu með hljóðmerkjum í kjölfar sms virkjunar. Búið er að skilgreina 36 svæði (sectora) til úthlutunar til hópa.

### Rýming á svæði 1: Appelsínugula hverfið, og undirhólf

Fjöldahjálparstöð:

Austurvegur, Þórkötlustaðahverfi, Hópsbraut, Vesturhóp, Austurhóp, Miðhóp, Suðurhóp, Víkurhóp, Norðurhóp, Efrahóp, Stamphólsvegur, Víðigerði

### Rýming á svæði 2: Bláa hverfið, og undirhólf

Fjöldahjálparstöð:

Túngata, Víkurbraut neðan pósthúss, Marargata, Garðvegur, Mánagata, Verbraut, Ránargata, Kirkjustígur, Mánasund, Vesturbraut, Mánagerði, Hellubraut, Dalbraut, Sunnubraut, Laut.

### Rýming á svæði 3: Græna hverfið, og undirhólf

Fjöldahjálparstöð:

Heiðarhraun, Víkurbraut ofan pósthúss, Hvassahraun, Staðarvör, Staðarhraun, Norðurvör, Borgarhraun, Suðurvör, Arnarhraun, Fornavör, Skólabraut, Leynisbraut, Ásabraut, Leynisbrún, Hraunbraut.

### Rýming á svæði 4: Rauða hverfið, og undirhólf

Fjöldahjálparstöð:

Skipastígur, Árnastígur, Vigdísarvelli, Glæsivellir, Ásvellir, Sólvellir, Blómsturvellir, Iðavellir, Höskuldarvellir, Hólavellir, Litluvellir, Selsvellir, Baðsvellir, Efstahraun, Gerðavellir.

### Rýming á svæði 5: Svartsengi Bláa Lónið, Northern light inn og virkjun

Fjöldahjálparstöð:

Svæðið afmarkast af Norðurljósavegi frá Grindavíkurvegi að Nesvegi

### Rýming á svæði 6: Hafnarsvæði og verkanir, og undirhólf

Fjöldahjálparstöð:


### Rýming á svæði 7: Staðarhverfi, og undirhólf

Fjöldahjálparstöð:

Staðarhverfi við Nesveg

## Svæðaskipting

Byggðinni er skipt í 6 svæði eða reiti þar sem nánast allir íbúar eru búsettir ásamt hótelsvæðinu í Svartsengi og svo hafnarsvæðið . Á hafnarsvæði er mikil atvinnustarfsemi, mannmargir vinnustaðir, hættuleg efni og fleira sem taka þarf tillit til. Stærstu fyrirtækin á Hafnarsvæðinu og í Svartsengi hafa sínar eigin rýmingaráætlanir. Á hafnarsvæðinu er takmörkuð íbúðabyggð en þó er blönduð byggð . Hverju hverfi er síðan skipt í nokkra minni svæði og er því lýst í kafla fyrir hverfin hér neðar



## Flóttaleiðir, flutningsleiðir, umferðarskipulag

Sviðsmynd A – gos austan Þorbjarnar

### Sviðsmynd B – gos í Þorbirni

Sviðsmynd C – gos vestan Þorbjarnar



## Rýming reitur 1. Appelsínugula hverfið

Safnstaður:

Efrahóp, Vesturhóp, Austurhóp, Miðhóp, Suðurhóp, Víkurhóp, Norðurhóp, Stamphólsvegur, Austurvegur, Víðigerði og Þórkötlustaðarhverfi. Hverfið er efsta og austasta byggðin í Grindavík og eru efstu göturnar upp undir Hópsheiðinni sem er norður af byggðinni.

Í þessu hverfi eru **663** íbúar og **167** fasteignir.

Leikskólinn Krókur er við Stamphólsveg. Hópskóli er við Suðurhóp. Íþróttamiðstöð Grindavíkur er við Austurveg, Hjúkrunarheimilið Víðihlíð er austur af íþróttamiðstöðinni. Í hverfinu er heilsugæslustöð og bæjarskrifstofur. Tjaldstæði Grindavíkur er við Austurveg sem og smágistihúsin Harbour View með gistirými fyrir **40** manns. Við Víkurbraut er Geo Hotel með gistirými fyrir **76** manns. Við Stamphólsveg eru tvö fjölbýlishús. Við Suðurhóp er eitt fjölbýlishús. Byggð er dreifð í Þórkötlustaðarhverfi. Austast í hverfinu er bærinn Hraun sem stendur við Suðurstrandarveg. Hesthúshverfi er norður af Þórkötlustaðarhverfi.

Byrjað verður á rýmingu í Efrahópi, Norðurhópi og Víkurhópi og síðan farið í suður, þá austur með Austurvegi og endað á Þórkötlustaðarhverfi. Einnig er samhliða forgangur á rýmingu Víðihlíðar og Víðigerðis sem eru íbúðir aldraðra.

Hættuleg efni: Í sundlauginni eru að öllu jöfnu um 1000 lítrar af klór

## Rýming reitur 2, Bláa hverfið

Safnstaður:

Víkurbraut sunnan Ránargötu að austanverðu, Túngata, Ránargata, Mánagata, Marargata, Mánasund, Mánagerði, Hafnargata, Garðvegur, Verbraut, Kirkjustígur, Vesturbraut, Hellubraut, Dalbraut, Sunnubraut, Ægisgata og Laut.

Í þessu hverfi eru **942** íbúar og **176** fasteignir.

Í hverfinu eru Grindavíkurkirkja, Landsbankinn, sambýlið Túngötu 15 og 17, Lögreglustöðin, Kvennó, Þjónustumiðstöð/áholdahús, Kvikan, Verkalýðshúsið, Mar Guesthouse, Sævík (verbúð), Fiskanes og Arnarvík (verbúð Hópsnes), Fisktækniskólinn, Lágafell (gistiheimili), Grund (gistiheimili), Verbraut 3 ( **50 til 60** manns á daginn), leikskólinn Laut, 3 fjölbýlishús í Laut, Reykjanes guesthouse, höfuðstöðvar Þorbjarnar og Vísis við Hafnargötu, tvær eldsneytisstöðvar og Slökkvistöðin.

Byrjað verður á rýmingu á Mánagerði, Marargötu, Mánagötu, Túngötu og til suðurs. Áhersla að auki á rýmingu á sambýli við Túngötu 15 og 17 og leikskólann Laut.

Hættuleg efni: Klórefni og gas við Olís á Hafnargötu. Eldsneyti í jörðu við Olís (Hafnargötu 7) og N1 (Hafnargötu 15). 5.000 lítrar af amoníaki hjá Arnarvík (Hafnargata 20).

## Rýming reitur 3, Græna hverfið

Safnstaður:

Heiðarhraun, Hvassahraun, Staðarhraun, Hraunbraut, Leynisbraut, Borgarhraun, Arnarhraun, Skólabraut, Leynisbrún, Ásabaut, Staðarvör, Norðurvör, Suðurvör, Fornavör og Víkurbraut sunnan Ránargötu að vestanverðu.

Í þessu hverfi eru **1081** íbúar og **262** fasteignir.

Í hverfinu er grunnskólinn við Ásabaut, tónlistaskóli og bókasafn, fjölbýlishús á Leynisbraut ( 3 stigagangar), tvö fjölbýlishús við Staðarhraun, tvö fjölbýlishús við Ásabaut, Gistihúsið Borg og Framsóknarhúsið (Víkurbraut 27).

Byrjað verður á rýmingu á Heiðarhrauni og til suðurs samfara forgangsrýmingu úr grunnskólanum.

Hættuleg efni: Engin.

## Rýming reitur 4, Rauða hverfið

Söfnunarstaður:

Götur í hverfinu: Skipastígur, Árnastígur, Glæsivellir, Ásvellir, Vigdísarvellir, Iðavellir, Blómsturvellir, Sólvellir, Gerðarvellir, Litluvellir, Hólavellir, Höskuldavellir, Selvellir, Baðsvellir, Efstahraun, Víkurbraut Norðan Ránargötu að vestanverðu.

Í þessu hverfi eru **817** íbúar og **251** fasteignir.

Hverfið er efra hverfið í vesturhluta bæjarins sunnan Þorbjarnar. Í hverfinu er hverfissjoppa og bensínstöð, bakarí, dagheimili við Gerðavelli og spennistöð HS veitna. Vestan við hverfið er fjarskiptamiðstöð.

Byrjað verður á rýmingu við Skipastíg og Árnastíg og áfram til Suðurs. Möguleg flóttaleið frá hverfinu er á milli Skipastígs 15 og 17.

Hættuleg efni: Eldsneyti í jörðu við N1 (Víkurbraut 31).

## Rýming reitur 5, Svartsengi

Söfnunarsvæði: bifreiðastæði við hverja starfseining

Götur í hverfinu: **Norðurljósavegur og Orkubraut**. Svæðið afmarkast af Norðurljósavegi frá Grindavíkurvegi að Nesvegi. Norður af svæðinu er vatnsverndarsvæði sem nær til Fitja ásamt því að vatnsból Suðurnesja er í Lágum í norður. Tvær spennistöðvar eru við línuveginn sem liggur frá hverfinu til norðurs. Heita vatnið fyrir Suðurnesin kemur frá Svartsengi.

Hverfið er norðan Þorbjarnar vestan Grindavíkurvegar. Í hverfinu er Bláa Lónið ( baðstaður, tvö hótél og þróunarsetur), höfuðstöðvar HS orku, Orkuver HS orku, hótél Northern Light inn og CRI. Útivistasvæði er á Þorbirni og í Selskógi.

Hver starfseining er með sína rýmingaráætlun. Hótél Northern Light Inn óskar eftir að fá rútu til sín til að koma allt að **60** gestum af svæðinu, heildarfjöldi fólks í NLI er um **100** manns. Svæðið er eitt af forgagnsverkefnum aðgerðar- og vettvangsstjórnar. Á hverjum tíma má gera ráð fyrir að gestir og starfsmenn á opnunartíma Bláa Lónsins séu allt að **1.500**. Rýmt er frá söfnunarsvæðum í átt frá atburði?

| Fyrirtæki  | Dagtími              | Að nóttu til            |
|------------|----------------------|-------------------------|
| NLI        | <b>100</b>           | <b>100</b>              |
| HS orka    | Allt að <b>80</b>    | <b>3</b>                |
| Bláa Lónið | Allt að <b>1.500</b> | Áætlað <b>350</b> manns |
| CRI        | <b>1</b>             | <b>1</b>                |

Hættuleg efni:

CRI: Allt að **60.000** lítrar af metanóli hjá CRI. Þegar framleiðsla er í gangi eru **15** kg af vetni og **10.000** lítrar af lút. Öryggisfjarlægð er **800** m radíus.

HS orka: **15.000** lítrar af ísopental annað eins af smurólíu á spennum sem standa á gryfjum.

Blá Lónið: engin

NLI: engin

## Rýming reitur 6, Hafnarsvæði

Móttökusvæði:

Götur í hverfinu: Staðarsund, Tangasund, Hólmasund, Vörðusund, Eyjabakka, smábátabryggja, Eyjasund, Bakkalág, Seljabót, Miðgarður, Suðurgarður (löndunarbryggja smábáta), Norðurgarður (Vigt) og Svíragarður (löndunarbryggja togara).

Svæðið mótast af hafnarsvæðinu en nær alveg að Austurveg í norðri. Austast er iðnaðarsvæði (Sundahverfi). Í kringum höfnina eru að lang mestu leyti fyrirtæki í hafnsækinni starfsemi þar sem Vísir er lang stærst (allt að 100 manns í vinnu). Stærstu vinnustaðir svæðisins eru að auki Stakkavík, Staðarþurkkun, Codland, Vélsmiðja Grindavíkur ásamt mörgum smærri vinnustöðum. Á svæðinu er bensínstöð Orkunnar. Á hverjum tíma gætu verið skip í höfn með fjölmönnum áhöfnum sem halda til í skipunum, stundum allan sólarhringinn. Höfuðstöðvar björgunarsveitarinnar Þorbjarnar er á Seljabót 10. Ákjósanlegur staður fyrir móttökusvæði bjarga gæti verið við Miðgarð/Norðurgarð.

Byrjað er á rýmingu við Staðarsundi og unnið til vesturs.

Hættuleg efni:

Ísstöðin: 3.000 lítrar af amoníaki.

Vísir (Miðgarður 3): 5.000 lítrar af amoníaki.

Vélsmiðja Grindavíkur: Gaskútar og þrýstihylki tengt járnsuðu.

Bensínstöð Orkunnar (Seljabót 1): Eldsneyti í jörðu og smurolú- og sápulager í geymsluhúsnæði.

## Rýming reitur 7, Staðarhverfi

Móttökusvæði: Íþróttamiðstöðin

Staðarhverfi er um 3 km vestan Grindavíkur við Nesveg sunnan Eldvarpa. Á svæðinu er gólfvöllur gólfklúbbs Grindavíkur, fiskeldi Íslandsbleikju, fiskeldi Matorku, rannsóknareldi Hafró, kirkjugarður Grindavíkur og lítill frístundabyggð 2-3 hús.

Hafa þarf svæðið í huga við rýmingu, sér í lagi ef atburður verður suður af Eldvörpum.

Hættulega efni: engin svo vitað sé.

## Rýming Víðihlíðar

Hjúkrunarheimilið Víðihlíð stendur við Austurveg og eru íbúar jafnt þeir sem þarfnast aðhlynningar og þeir sem búa í sjálfseignaríbúðum og sumir þiggja einhverja þjónustu.

Í sama húsi og hjúkrunarheimilið er dagdvöl fyrir aldraða rekin af félagsþjónustu sveitarfélagsins. Þar dvelja virka daga talsverður fjöldi af öldruðum daglega en öll rólfær.

*Víðihlíð er með eigin áætlun ef til rýmingar kemur*

Í Grindavík eru 2 íbúakjarnar fyrir 70 ára+. Annar kjarninn er í Víðigerði og hinn í Árnastíg / Skipastíg.

## Rýming skjólstæðinga heimahjúkrunar og félagsþjónustunar

Starfsfólk Víðihlíðar, HSS og heilbrigðisstarfsfólk SST myndu hafa samstarf um flutning þessara einstaklinga. Unnið er að frekari kortlagningu úrræða sem gætu hentað til móttöku þessara einstaklinga.

Sambýli fyrir fatlaða stendur við Túngötu og búa þar 4 einstaklingar.

*Heimahjúkrun starfar samkvæmt eigin áætlun*

## Rýming Grunnskóla Grindavíkur við Ásabraut

Tryggja þarf sérstaklega verklag við rýmingu leikskóla og skóla og skráningu þeirra barna sem sótt eru af foreldrum og þeirra sem fara með öðrum leiðum.

Sjá innri áætlun skólans

## Rýming Grunnskóla Grindavíkur Hópskóli

Tryggja þarf sérstaklega verklag við rýmingu leikskóla og skóla og skráningu þeirra barna sem sótt eru af foreldrum og þeirra sem fara með öðrum leiðum.

Sjá innri áætlun skólans

## Rýming Leikskólinn Laut

Rýmin er framkvæmd s.k. innri áætlun skólans

## Rýming Heilsuleikskólans Krókur

Rýmin er framkvæmd s.k. innri áætlun skólans

## Vinnustaðir

Upplýsingar um stóra vinnustaði eru undir köflum um hvern reit fyrir sig. Flestir vinnustaðir og þeir stærstu eru á hafnarsvæði og eru flestir þeirra með sínar eigin rýmingaráætlanir. Í Grindavík er Grunnskóli Grindavíkur starfræktur í tveimur skólum, Grunnskólinn við Ásabraut 2 og Grunnskólinn við Suðurhóp. Tveir leikskólar eru í Grindavík, Leikskólinn Laut, Laut 1 og Heilsuleikskólinn Krókur Stamphólsveg.

Heilsugæslan í Grindavík stendur við Víkurbraut 62. Dvalarheimili aldraðra Víðihlíð er við Austurveg 5. Hitaveita Suðurnesja er staðsettar í Svartsengi og er þar dísel rafstöð.

## Íþróttamót

Þegar stór íþróttamót eru í bænum eru Barnaskólar yfirleitt notaðir til gistingar fyrir liðin. Það er því ljóst að á slíkum tímum væri ekki mögulegt að nota húsnæðin sem fjöldahjálparstöð a.m.k. ekki fyrst um sinn.

Mikilvægt er að skráning og talning sé skipulögð með sérstökum hætti vegna skólahúsnæða sem aðkomu krakkar gista í þegar íþróttamót eru í gangi. Lagt er upp með að sú vinnuregla verði tekin upp að UMFG íþróttafélag, sem heldur þessi mót, sendi lögreglustjóra lista yfir þátttakendur og þá sem gista í hvorum skóla fyrir sig til þess að auðvelda talningu og skráningu við stjórnun aðgerða

## Ástandskönnun Svæða

Í kjölfar eldgoss er mikilvægt að ná sem fyrst yfirsýn yfir ástandið í umdæminu. Ástand samgöngumannvirkja (vegir, höfn), húsa, breytingum á landslagi (hrun, , sprungur, jarðfall). Einnig er mikilvægt að kanna ástandið á stórum vinnustöðum, skólum, heilbrigðisstofnunum o.þ.h. (fer eftir því á hvaða tíma dags og árs atburður er). Skipuleggja þarf samskipti við hvert heimili á svæðinu til þess að kanna ástand og hvort þörf sé á aðstoð.

## Mögulegar afleiðingar

- Hraunrennsli
- Gas
- Öskufall (vegna sprungu sem liggur út í sjó)
- Veitukerfi eyðileggjast (rafmagn, neysluvatn, hitaveita)
- Vegir eyðileggjast
- Skemmdir á öðrum mannvirkjum

## Lokanir / opnanir

|                                                  |   |           |           |
|--------------------------------------------------|---|-----------|-----------|
| Lokanir                                          |   |           |           |
| Grindavíkurvegur við Reykjanesbraut              | 1 | lögregla  | Lögregla  |
| Grindavíkurvegur við Grindavík                   | 1 | teymi     | Þorbjörn  |
| Grindavík / Suðurstrandavegur eða Nesvegur       | 1 | teymi     | Þorbjörn  |
| Við Kirkjuvog (snúningsmöguleiki)                | 1 | lögregla  | Suðurnes  |
| Við Krísuvíkurveg að sunnanverðu                 | 1 | lögregla  | LRH       |
| Við Krísuvíkurveg að norðanverðu                 | 1 | lögregla  | LRH       |
| Við Þorlákshöfn                                  | 1 | lögregla  | Suðurland |
| Við Kórinn                                       | 1 | lögregla  | LRH       |
| Opnanir                                          |   |           |           |
| Göngustígar, Laut/Ásabraut og Skipastíg/Nesvegur |   | Áhaldahús | Áhaldahús |
|                                                  |   |           |           |

## 8.0 Verkefni viðbragðsaðila.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir verkefnum þeirra aðila, sem skyldum hafa að gegna í séráætlun vegna eldgoss við Grindavík:

### Verkefni viðbragðsaðila

|                                                             |    |
|-------------------------------------------------------------|----|
| <a href="#">Neyðarlínan - 112</a>                           | 40 |
| <a href="#">Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra</a>      | 41 |
| <a href="#">Samhæfingarstöðin</a>                           | 42 |
| <a href="#">Aðgerðarstjórn (AST)</a>                        | 43 |
| <a href="#">Vettvangsstjórn (VST)</a>                       | 44 |
| <a href="#">Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR)</a> | 45 |
| <a href="#">Lögreglan á Suðurnesjum</a>                     | 46 |
| <a href="#">Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu</a>              | 47 |
| <a href="#">Lögreglan á Suðurlandi</a>                      | 47 |
| <a href="#">Slökkvilið Grindavíkur</a>                      | 48 |
| <a href="#">Björgunarsveitin Þorbjörn</a>                   | 49 |
| <a href="#">Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2</a>      | 50 |
| <a href="#">Björgunarsveitir á svæði 2</a>                  | 50 |
| <a href="#">Björgunarsveitir á svæði 1</a>                  | 51 |
| <a href="#">Landsstjórn björgunarsveita</a>                 | 52 |
| <a href="#">Heilbrigðisstofnun Suðurnesja</a>               | 53 |
| <a href="#">Landspítali</a>                                 | 54 |
| <a href="#">Sjúkrabílar í Grindavík</a>                     | 54 |
| <a href="#">Sjúkrabílar á Suðurnesjum</a>                   | 55 |
| <a href="#">Sjúkrabílar á höfuðborgarsvæðinu</a>            | 55 |
| <a href="#">Rauði krossinn á Íslandi – Suðurnesjadeild</a>  | 56 |
| <a href="#">Rauði krossinn á Íslandi – Landskrifstofa</a>   | 56 |
| <a href="#">Landhelgisgæsla Íslands – Stjórnstöð (LHG)</a>  | 57 |
| <a href="#">Þjónustumiðstöð Grindavíkur (Áhaldahús)</a>     | 57 |
| <a href="#">Hjúkrunarheimilið Víðihlíð</a>                  | 58 |
| <a href="#">Grunnskólar Grindavíkur</a>                     | 58 |
| <a href="#">Leikskólar í Grindavík</a>                      | 59 |
| <a href="#">Tónlistarskóli – Félgasmíðstöðvar</a>           | 59 |
| <a href="#">Fjarskiptafyrirtæki - Veitufyrirtæki</a>        | 60 |
| <a href="#">Vegagerðin</a>                                  | 60 |

## Neyðarlínan - 112

Upphafstalhópur er Blár 2 – 0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað

### ÓVISSUSTIG

